



## **FULLVELDI Í 99 ÁR**

**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnu til heiðurs  
dr. Davíð Þór Björgvinssyni  
Reykjavík  
22. september 2017**

Ágæti Davíð Þór,  
aðrir góðir gestir

Við erum komin saman hér til að fagna útkomu bókar, Fullveldi í 99 ár, safni ritgerða til heiðurs Davíð Þór Björgvinssyni sextugum. Næsta ár höldum við Íslendingar svo upp á aldarafmæli fullveldis.

Fullveldi er þungamiðja ritsins, fullveldi er þungamiðja öflugra samfélaga í heiminum í dag, kjarni þeirra og aflvél í samskiptum á alþjóðavettvangi. En fullveldi er flókið fyrirbæri, það er „margeygt og margarma kvikvendi“, segir afmælisbarnið sjálft í bókinni sem við fögnum hér. Vissulega er hægt að einskorða fullveldisumræðu við þjóðarétt og skilgreiningar hans og þá leikur enginn vafi á að Ísland er ennþá fullvalda ríki, „fullgildur þjóðréttaraðili“ svo beitt sé lagamáli. En auðvitað er til annars konar fullveldi; efnahagslegt fullveldi og menningarlegt fullveldi svo mikilvæg dæmi séu tekin. Er sú þjóð fullvalda sem ræður ekki yfir eigin auðlindum, skeytir lítið um náttúru lands og verðmæti? Getur sú þjóð talist fullvalda sem glatar tungu sinni, sögu og menningararfi?

Þessar og viðlíka spurningar er glímt við í ritinu góða og þetta málþing er einskonar upphitun fyrir þá rimmu. Já, við getum haldið áfram að tala í þeim anda um kvikvendi sem er erfitt að henda reiður á. Annar samanburður kemur þó hægast til greina. Við getum litið á fullveldi sem streng, fléttadan úr ólíkum þráðum, reipi sem við höfum saman hönd á, örlögsímu, svo gripið sé til gamals orðs sem tengir okkur við liðna tíð en er líka haldreipi á ferð inn í framtíðina.

Öll leggjum við, íbúar Íslands, þráð í þessa taug, þessa römmu taug. Og sumir þræðirnir veikjast í tímans rás, hverfa jafnvel. Aðra gerum við öflugri og nýir bætast við. Í afmælisröðju til Davíðs Þórs, sem birtist í afmælisritinu, sagði ég að fólk byði hættunni heim, haldi það í úreltar hugmyndir um fullveldi og áttaði sig ekki á því að þótt ýmsir þættir þess standi óhaggaðir mótast aðrir og þróast. Þannig sáu þeir, sem fögnuðu frjálsu og fullvalda ríki 1. desember 1918, ekki fyrir sér að Ísland gerði varnarsamning við annað ríki, ætti aðild að varnar- og hernaðarbandalagi og tilheyrði evrópsku efnahagssvæði.

Fleiri dæmi mætti nefna og lokaorðin tóku mið af þessu frjóa eðli fullveldis, þessu margeyga og margarma kvikvendi, þessari römmu taug: „Fullveldi Íslands verður aðeins varið, eflt og styrkt ef það tekur mið af breyttum heimi hverju sinni. „Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein.“ Þau orð Snorra Hjartarsonar eru enn í góðu gildi sem grundvöllur íslensks fullveldis, einkunnarorð sjálfstæðrar og vongóðrar þjóðar sem vill verja tungu sína og menningu og halda úrslitavaldi í eigin málum en þorir áfram að deila fullveldi sínu eftir þörfum, eiga nán samskipti við aðra og auðga þannig íslenskt samfélag.“

Kæru vinir: Ég ítreka heillaóskir til Davíðs Þórs Björgvinssonar og lýsi aftur ánægju með þetta eigulega verk sem varpar svo glöggu ljósi á fullveldi í 99 ár. Að lokum þakka ég fyrir góð kynni af afmælisbarninu síunga og hans fólki. Stundum er sagt um lögspekinga að þeir festist í þröngri túlkun bókstafsins – jafnvel með geigvænlegum afleiðingum fyrir fólk og samfélag. Ósanngjarnt væri að leggja alla að jöfnu innan heillar fræðastéttar og vissulega ætti slíkur sleggjudómur ekki við um Davíð Þór en þá ber líka að hafa í huga að hann tók próf í sagnfræði! Ég gerði það að gamni mínu í gærkvöldi að leita að því á timarit.is hvenær nafn hans kæmi fyrst fyrir á vettvangi fjölmiðla. Upp úr þeim gagnabrunni fiskast sú vitneskja að okkar maður hafi fyrst komist á spjöld sögunnar í nóvember 1980; þá segja blöðin frá því að Davíð Þór Björgvinsson háskólanemi muni um kvöldið flytja útvarpsþátt um Jean Paul Sartre. Svo leitaði ég nýjustu tíðinda – gúgglaði manninn að samtímasið. Og þá kemur upp úr kafinu að Davíð Þór var meðal dómenda í sakamálinu fræga gegn Agnesi og Friðrik frá 1830 sem sett var á svið fyrir í mánuðinum. Svona eiga fræðimenn að vera, víðsýnir, vel lesnir, skemmtilegir og fróðir. Og svo skemmir ekki fyrir að Davíð Þór Björgvinsson er á besta aldri, rétt rúmlega sextugur. Ósk mín er sú að við megum njóta krafta hans um langa framtíð!